

**Tilmæli 27/2012**Fyrri númer:  
A 1568/miljøFjallað um í:  
Umhverfis- og  
náttúruauðlindanefnd

Málsnúmer: 12-00211-10

**Aðgerðir til að efla samstarf um grunnvirki og umhverfi í samgöngumálum**

Með tilvísun til 45. og 56. greinar í Helsingforssamningnum hefur Norðurlandaráð þann 1. nóvember 2012 samþykkt eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu umhverfis- og náttúruauðlindanefndar Umhverfis- og náttúruauðlindanefnd.

Norðurlandaráð beinir tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

*að* semja samnorræna stefnu um þróun og fjárfestingar í grunnkerfum í samgöngum á sjó og landi þar sem norrænir hagsmunir eru í húfi;

*að* semja sameiginlega áætlun um bættar samgöngur milli þéttbýlustu svæða á Norðurlöndum; Ósló-Gautaborg-Málmey-Kaupmannahöfn; Helsingjaborg-Helsingjaeyri og Ósló-Stokkhólmur;

*að* semja sameiginlega áætlun um stækkun og rekstur járnbrauta á nyrstu svæðum Skandinavíu frá Narvík austur til Kíruna og í norður til og inn í Finnland;

*að* rannsaka ýmsa möguleika á stækkun og fjármögnun verkefna sem lögð hafa verið til og sem ríkin sem eiga hlut að máli geta sameinast um.

Helsinki, 1. nóvember 2012

*Kimmo Sasi*

Forseti Norðurlandaráðs

*Jan-Erik Enestam*

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs